

Fundargerð 197. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur haldinn að Geirsgötu 9, fimmtudaginn 13. febrúar 2020 kl. 14:00.

Viðstaddir: Halldór Eiríksson formaður, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Dagný Arnarsdóttir og Pétur Óskarsson.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfsson og Snorri Valsson.

Dagskrá:

1. Fundargerðir 195 og 196.

Undirritun frestað þar sem ekki allir voru mættir.

2. Umsóknarferli FF15 - 2020

Bréf til ráðherra með tillögum að styrkþegum 2020 (FF15) ásamt fylgiskjöllum samþykkt og undirritað. Sjá meðfylgjandi skjal.

Næstu fundir:

12. mars 2020

26. mars 2020

Fundi slitið kl. 15:00

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfsson

Undirskriftir stjórnarmanna

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Reykjavík 13.02 2020

Efni: Tillögur stjórnar FF að úthlutun styrkja 2020 úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Á fundi sínum þann 13. febrúar 2020 samþykkti stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða meðfylgjandi tillögur að úthlutun styrkja úr sjóðnum, sem hér með eru sendar ráðherra til ákvörðunar.


Auglýst var eftir umsóknum þann 21.september, 3.október og 5.október í Fréttablaðinu og 26.september í Bændablaðinu, en umsóknarfrestur var frá og með 1.október til hádegis 29.október 2019. Nýsköpunarmiðstöð Íslands sá um að veita þeim umsækjendum sem eftir því óskuðu leiðbeiningar við undirbúning og gerð sinna umsókna.


Alls bárust 135 umsóknir um styrki að fjárhæð kr. 2.305.936.139,- til verkefna að heildarfjárhæð kr. 3.585.185.199,-. Til úthlutunar að þessu sinni eru kr. 501.500.000,-. Af innsendum umsóknum voru 22 ekki taldar uppfylla formkröfur sjóðsins eða falla utan verksviðs hans skv. lögum nr. 75/2011 og reglugerð nr. 782/2017 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Að þessu sinni er lagt til að alls 33 verkefni séu styrkt, samtals að fjárhæð kr. 501.500.000,-. Samkvæmt stigamati sjóðsins geta tólf verkefni talist alhliða, þ.e. snúa að uppbyggingu, náttúruvernd og bættu öryggi á ferðamannastöðum. Þrjú þeirra hafa náttúruvernd og öryggi að leiðarljósi, þrjú leggja áherslu á uppbyggingu og öryggi og tvö uppbyggingu og náttúruvernd. Að síðustu eru nokkur afmörkuð verkefni sem hafa einn meginþátt að leiðarljósi, þ.e. þrjú sem snúa að uppbyggingu, fimm að bættu öryggi og fimm að náttúruvernd. Hæstu einstöku tillögurnar eru styrkir til byggingar útsýnispalls á Bolafjalli í Bolungarvíkurkaupstað (kr. 160.000.000,-), áframhald uppbyggingar við Stuðlagil beggja vegna ár (samtals kr. 103.304.896,-) og bætt fráveitumál í Hrafninnuskeri (kr. 35.200.000,-).

Tillögur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða eru unnar samkvæmt lögum nr. 75/2011 og reglugerð nr. 782/2017 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Virðingarfyllt,


Halldór Eiríksson formaður


Dagný Arnarsdóttir


Pétur Óskarsson

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

